

# EFTIRLITSSKÝRSLA

H.B. Grandi Akranesi Akranes



<b>Dags eftirlits</b>	7.5.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	H.B. Grandi Akranesi	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Bárugata 8-10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5411850389	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölserverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Almar Sigurjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðmundur Hannesson	<b>Staðsetning</b>	350582,068 427101,867

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram 6 ný frávík og ein athugasemd gerð við magnskráningar í TVN skýrslum. Einungis litla vinnslulínan var í gangi þegar eftirlitið fór fram. Litla vinnslulínan er ný viðbót við fiskimjölserverksmiðjuna og þar er unnið með aukaafurðir frá fiskvinnslu. Verksmiðjan starfar eftir nýju starfsleyfi frá 4. desember 2013.

## UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á eftirlitsfundi og síðan gengið um verksmiðjuna, en einungis var vinnsla í litlu framleiðslulínunni, þ.e. nýju vinnslulínunni fyrir afskurð úr fiskvinnslu sem tekin var í gagnið í byrjun árs.

Farið var yfir gagnaskil í starfsleyfi.

Rætt var um áætlun vegna rekstrarstöðvunar og vísaði rekstraraðili í þrifaáætlun í gæðahandbók verksmiðjunnar sem var afhent eftirlitsaðila.

Áætlun gegn loftmengun var skilað 16. apríl sl. Þar kemur fram að bæta þurfi loftræstingu í hluta húsnæðisins en áætlað að hönnun á endurbættu loftræstikerfi verði lokið síðar á þessu ári. Í eftirlitinu kom fram að hönnunarvinna er ekki hafin en gert ráð fyrir að áætlun haldi um að klára hönnunarvinnuna á þessu ári og ráðist verði í framkvæmdir í kjölfarið.

Hreinlætisáætlun skv. grein 2.23 er í gæðahandbók verksmiðjunnar. Þar eru skýrar verklagsreglur bæði fyrir dagleg þrif á frekari þrif við rekstrarstöðvun.

Öryggisblöð efna í verksmiðjunni eru inn á sameiginlegu drifi og í möppu í stjórnstöð.

Farið var yfir skráningar skv grein 3.1 í starfsleyfi.

Haldið er utan um skráningar á viðhaldi, eftirlit og bilunum í mengunarvarnaráðili í rafrænu kerfi (viðhaldsstjóri) og í rekstrarhandbók.

Fitugildrur voru síðast tæmdar að lokinni vertíð í lok mars og stefnt að því að þær verði tæmdar aftur nú í lok maí.

Íslenska gámafélagið tekur við öllum úrgangi og spilliefnum sem falla til í verksmiðjunni.

Vel er haldið utanum skráningar á þrifum í verksmiðjunni.

Rætt var um TVN skráningar og skilafyrirkomulag þeirra.

Greinagerð um mengunarmælingar bærust stofnuninni 1. apríl sl. Þar var fjallað um niðurstöður frárennismælinga og útblástursmælinga í reykháfum. Sömuleiðis var greinagerð um hljóðmælingar sendar eftirlitsaðila 10. apríl sl. Brugðist hefur verið við athugasemd út síðasta eftirliti þar sem frárennismælingar eftir fitugildru voru gerðar nú í ár.

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar er frá árinu 2007. Viðbragðsáætlunin er ekki fullnægjandi en leiðbeiningar um áhættumat til grundvallar viðbragðsáætlun má meðal annars finna á heimasíðu Samtaka Iðnaðarins.

Grænu bókhaldi hefur verið skilað til stofnunarinnar auk staðfestingar á að losun frá verksmiðjunni sé undir þröskuldsgildum útstreymisbókhalds.

Ein kvörtun barst stofnuninni vegna hávaða og lyktarmengunar frá verksmiðjunni 1. maí sl.

### Frávík frá

Grein 2.17 í starfsleyfi

### Lýsing á fráviki

Niðurstöður frárennismælinga eru yfir losunarmörkum í starfsleyfi. Fita mælist 450 mg/l eftir fitugildru, COD styrkur er 5,2 kg/t hráefnis (að frátöldum COD styrk við sjóinntak) og svifagnir mælast 321,6 g/t hráefnis

Grein 2.20 í starfsleyfi (ákvæði reglugerðar 724/2008 um hávaða) Hávaðamælingar mælast yfir viðmiðunarmörkum reglugerðar 724/2008 í mælipunkti nr 5, sunnan við verksmiðjuna.

Grein 2.9 í starfsleyfi Rykmælingar í reyk háfum frá olíubrennum eru yfir starfsleyfismörkum.

Grein 1.5 í starfsleyfi Varðandi áætlun rekstrarstöðvun vísar rekstraraðili í þrifaáætlun í gæðahandbók. Í þrifaáætluninni er fjallað nægilega um ráðstafanir vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar er ítarlegri áætlun vantar vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar.

Grein 2.9 í starfsleyfi Í áætlun gegn loftmengun vantar nánari áætlun um verklagsreglur um meðhöndlun hráefnis me TVN gildi yfir mörkum sem og möguleika á að takmarka vinnslu um helgar, yfir sumarmánuðina og í óhagstæðum vindáttum.

Grein 4.4 í starfsleyfi (lög 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda) Viðbragðsáætlun uppfyllir ekki kröfur reglugerðar nr 33/2004. Áætlunin skal vinna á grundvelli áhættu sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka 1.B í lögum nr. 33/2004.

#### **ATHUGASEMDIR**

Athugasemd var gerð við magnskráningu í TVN skýrslum. Þar skal skrá þyngd hráefnis sem fer í vinnslu í stað þyngd skipsfarms eins og nú er gert. Stofnunin óskar eftir að niðurstöður TVN skráninga verði sendar eftirlitsaðila að lokinni hverri vertíð.

#### **ANNAÐ**

Vinnsla hófst í nýrri veksmiðjueiningu fyrir aukaafurðir úr fiskvinnslu í byrjun apríl og gengur vinnslan nú vel.

Rætt var um heildarúttekt á frárennsli skv grein 5.2 í starfsleyfi. Minnt var á að mælingar skal gera á öllum tegundum bræðslufisks sem tekinn er til vinnslu í verksmiðjunni. og gera bæði grein fyrir vetrar og sumarvinnslu. Á grundvelli mælinganna skal meta heildarlosun lífrænna efna frá verksmiðjunni þannig að áhrif á umhverfið og hugsanlegt verðmætatap liggi fyrir.

Niðurstöðum úttektarinnar skal skila fyrir 1.maí 2016.

Reykjavík, 07.08.2014



Halla Einarisdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

